

Skólaráðsfundur 18. maí 2017

Mættir : Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Embla Líf Hallsdóttir, Erla Björnsdóttir, Freyja Ólafsdóttir, Guðrún Ingibjörg Stefánsdóttir, Jóhanna Lilja Hjörleifsdóttir, Ólöf Sívertsen, Þorbjörg Jensdóttir.

1. Kynning á niðurstöðum eineltiskönnunar 5-10. bekk.

Sama kynning og var kynnt á starfsmannafundi 15. febrúar 2017.

96,33 svörun nemenda eða 420 af 436. Tilgangur er að kanna umfang einelti og líðan nemenda.

3 % sem segja að þeim líði illa eða mjög illa. Fleiri í unglingsdeild en á miðstigi.

1,6 % eða 7 nemendur segjast enn verða fyrir einelti. Sex drengir og ein stúlka.

Þolendur :

5-7 bekkur – 4 nemendur

8-10 bekkur 3 nemendur

Fimm þolendur segja að eineltið hafi staðið yfir í eitt ár eða lengur, oft í viku eða oft á dag. Þau svara að gerandinn sé annaðhvort í bekknum eða í árganginum.

Þrjú nemendur viðurkenna í ár að þeir leggi enn í einelti.

Niðurstöður voru kynntar fyrir öllum umsjónarkennurum og hvattir til að fá aðstoð ef þess þyrfti. Ef um einelti væri að ræða þá yrði send formleg tilkynning.

Síðan var umbótaáætlun unnin. Meðal annars verður fræðsla um netsamskipti, upplýsa foreldra um samskiptamiðla, aðstoða nemendur sem ekki eiga vini og bæta skipulag gæslu og hlutverk hvers og eins þarf að vera ljóst. Funda reglulega með gæslufólki og laga færa það sem betur mætti fara. Halda bekkjarfundi reglulega. Vinna með bætt samskipti og skólabrag. Fjalla reglulega um eineltismál í kennslustundum og minna á eineltishringinn.

Hugmynd kom fram að hver árgangur blandaðist betur – fara í leiki og kynnist betur. Byrja strax í fyrsta bekk að sameina árganginn svo allir nái að kynnast.

2. Niðurstöður skólans í samræmdum prófum í 9. og 10. bekk kynntar.

3. Tillaga um breytingu á skóladagatali næsta skólaárs.

Starfsfólk er að fara í ferð til Ítalíu í október og það þarf að breyta skóladagatalið. Fara út 14.okt og vera til 19.okt – og þess vegna þarf að óska eftir breytingu. Starfsdagurinn 23. okt færist til 17.okt og starfsdagurinn 23 janúar til 16.okt. Þannig að þetta yrði heil vika.

Í umræðunni kom fram að það væri gott að auglýsa þetta vel ef þessi breyting verður samþykkt. Skólaráð gerir ekki athugasemd við þessa breytingu.

4. Staðan í ráðningarmálum fyrir næsta skólaár – Skólinn erum búinn að auglýsa tvisvar. Það eru tveir kennarar að koma úr leyfi og tveir kennarar að hætta.

Vantar kennara á yngsta stigi, 1 á unglingastigi í íslensku og 2 kennarar í fæðingarorlofi. Það eru ekki margar umsóknir frá kennurum.

Oftast nær fylgir kennari 2-3 ár bekknum –

5. Frá nemendum – Embla nefndi að árshátíðin hefði tekist vel. Það eina sem klikkaði var að ekki var hægt að flytja annálinn. Hann var sýndur daginn eftir.

Leiklistarvalið var með flotta sýningu.

6. Önnur mál

Ólöf sagði frá því að Heilsueflandi samfélag í Mosfellsbæ hefði staðið fyrir samfélagsmiðlaleik fyrir nemendur í 8.-10.bekk í grunnskólum bæjarins. Ólöf hrósaði nemendum fyrir góða þátttöku bæði í Lágafellsskóla og Varmáskóla.

Jóhanna þakkaði öllum fyrir samstarfið og sleit fundi.

Fundarritari: Guðrún I. Stefánsdóttir